



## Myndmennt 3.bekkur 2018-2019

**Kennari:** Gunnar Gunnarsson

**Fjöldi kennslustunda:** 1 á viku.

### Markmið:

- Að þroska og þjálfa hug og hendur nemenda til að tjá eigin hugmyndir, þekkingu og reynslu í margs konar efnivið með viðeigandi vinnubrögðum.
- Að efla hugmyndaflug, sköpunarhæfileika, sjálfstraust og sjálfstæði nemenda.
- Að hjálpa nemendum að tileinka sér hagkvæm vinnubrögð.
- Að vekja áhuga og auka þekkingu nemenda á listum. (Sjá Aðalnámskrá grunnskóla)

**Námsþættir:** Nemendur gera möppur og kynnast ýmsum möguleikum við stafagerð. Þá tekur við vatnslitaverkefni, þar sem litir náttúrunnar taka breytingum með haustinu. Nemendur kynnast nokkrum tækniatriðum sem þörf er á að beita við þessa málun. Þá verður unnið meira með myndbyggingu og hlutverk sjóndeildarhrings á myndfletinum. Unnið verður meira með hugtakið heitir litir og kaldir. Undir vorið verður unnið meira í þrívídd þ.e. steina og önnur efni. Kennari fer með nemendur út að skoða vorið og læra aðeins að lesa umhverfið.

**Kennsluaðferðir:** Kennt bæði úti og inni. Kennari gerir nemendum grein fyrir verkefni í byrjun tíma, notar gjarnan töflu, tölvu, skjávarpa, myndvarpa og bækur til skýringa. Einnig er farið í vettvangsferðir og hlutir skoðaðir og jafnvel teknir og notaðir til myndgerðar.

**Námsmat:** Horft er til allra hæfnismarkmiða og einstakir matsþættir s.s. virkni og vinnubrögð eru metnir. Einkunn er gefin í bókstöfum.